

Þórður Ó. Búason
Skipulagsfulltrúi
Austurströnd 2
170 Seltjarnarnes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 23. mars 2015
UST201503-080/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi á Valhúsahæð og aðliggjandi útivistarsvæði í Seltjarnarnesbæ.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Seltjarnarnesbæjar er barst 9. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu deiliskipulags fyrir Valhúsahæð og aðliggjandi útivistarsvæði.

Skipulagssvæðið


Í lýsingu kemur fram að deiliskipulagssvæðið er um 25 ha. Umhverfisstofnun tekur undir markmið væntanlegs deiliskipulags er fram koma í lýsingu ekki síst það að varðveita náttúru- og söguminjar.

Friðlýst svæði - Náttúruverndaráætlun


Hluti Valhúsahæðar var friðlýstur sem náttúruvætti árið 1998. Svæðið er 1,7 ha að stærð.

Svæði á náttúruminjasrá, náttúruverndaráætlun

Náttúruverndaráætlun hefur að geyma tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar. Suðurfjara ofangreinds svæðis er innan svæðis sem Umhverfisstofnun hefur lagt til að sé friðlýst. Mörk svæðisins eru: fjara og grunnsævi frá Bala að Álftanesi yfir Skerjafjörð og norður fyrir Gróttu í land við Bygggarð. Allar fjörur innan þessara marka og land neðan byggðar, ásamt Bessastaðanesi og Gálghrauni. Hluti svæðisins hefur þegar verið friðlýstur. Umhverfisstofnun bendir á að Seltjarnarnesbær geti stefnt að friðlýsingu suðurfjörü innan skipulagssvæðisins enda kemur fram í lýsingu að Seltjarnarnesbær „kappkosti að varðveita fjölbreytni náttúrunnar og menningarminja með vel undirbúnum aðgerðum, faglegum vinnubrögðum og góðri umgengni.“


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri